

dýralæknum ber að gæta og varðveita áhaldasafn þetta á óaðfinnanlegan hátt og skila í hendur eftirmanna sinna.

Fyrir hver 10 ár, sem héraðsdýralæknir hefur gegnt þjónustu, á hann rétt á að hljóta 6 mánaða fri frá störfum með fullum launum, til framhaldsnáms í samráði við yfirdýralækni. Greiðir ríkissjóður fargjaldskostnað til þess lands, þar sem hann hyggst dveljast, og heim til Íslands aftur að dvöl lokinni.

15. gr.

Dýralæknisnema, sem ekki hefur lokið námi, má fela að gegna héraðsdýralæknisumdæmi um stundarsakir, ef yfirdýralæknir mælir með því. Einnig má fela honum tiltekin störf önnur, og hefur hann þá lækningaleyfi, meðan hann gegnir þeim.

16. gr.

Meðan eigi fást dýralæknar í öll hin lögakveðnu dýralæknisumdæmi, er sýslufélögum heimilt að semja við menn þar búsetta, sem ekki eru dýralæknar að menntun, en hlotið hafa tilsögn dýralæknis og reyndir eru að sérstakri hæfni til að hjálpa sjúkum búpeningi, að annast dýralæknastörf innan sýslunnar, eftir því sem geta þeirra og kunnátta leyfir, önnur en þau, sem um getur í 7., 8., og 9. gr., enda komi til samþykki landbúnaðarráðherra og meðmæli yfirdýralæknis.

Sýslufélög njóta styrks til að greiða mönnum, sem ráðnir eru á þennan hátt. Þá skal styrkur sá, sem greiddur er í hvert umdæmi, sem er án dýralæknis, ekki nema hærri upphæð en $\frac{2}{3}$ þeirra launa, sem héraðsdýralækni væru greidd samkvæmt launalögum.

Styrkur þessi fellur niður, þegar dýralæknir fæst í embættið.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna, og síðari breytingar á þeim lögum, þ. e. lög nr. 19/1955, lög nr. 7/1959, lög nr. 38/1960, lög nr. 8/1963 og lög nr. 51/1965, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum, er kynnu að koma í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. málsg. 16. gr. laganna orðist svo:

Tryggingaráð getur ákveðið, að greiða skuli með börnum ekkils allt að fullum barnalífeyri, ef fráfall eiginkonu veldur tilfinnanlegri röskun á afkomu hans.

Sama gildir um börn ellilífeyrisþega, einstæðrar móður, sem er öryrki eða látin, svo og hjóna, sem verða fyrir verulegum tekjumissi eða útgjaldaaukningu sök- um örorku eiginkonu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam- þykki mínu:

1. gr.

C-liður 4. gr. laganna orðist svo:

- c. til viðbótar framlagi til sjóðsins samkvæmt b-lið greiðir ríkissjóður honum árlega 35 milljónir króna, í fyrsta skipti á árinu 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Framlag ríkissjóðs samkvæmt c-lið 4. gr. laganna fellur niður fyrir árin 1969 og 1970.

Gjört að Bessastöðum, 8. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.